

Aðalfundur Bergrisans bs. 2022

haldinn í Grænumörk 5, Selfossi þann 15. nóvember 2022

klukkan 13:00

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Hrönn Guðmundsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ellý Tómasdóttir, Díana Lind Sigurjónsdóttir, Jóhann Jónsson, Daði Geir Samúelsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Bjarnason, Elías Bergmann Jóhannsson, Stefanía Hákonardóttir, Valtýr Valtýsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Jóhann Jóhannsson, Anna Linda Sigurðardóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Dagný Davíðsdóttir, Björn Þór Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Melkorka Jónsdóttir, Ísleifur Jónsson, Jón G. Valgeirsson, Ingvar Guðmundsson, Tómas Birgir Magnússon, Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Bragi Bjarnason, Hulda Kristjánsdóttir, Harpa Magnúsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Lóreyey Sigurjónsdóttir, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Geir Sveinsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Árni Eiríksson, Sveinn Ægir Birgisson, Grétar Ingi Erlendsson, Kjartan Björnsson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Ísleifur Jónasson, Guri Hilstad Ólasson, Helga Björg Helgadóttir, Ása Berglind Hjálmarsdóttir.

Aðrir gestir: Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri, Arnar Haraldsson, Haraldur L. Haraldsson, Ellý Þorsteinsdóttir og Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans bs.

1. Setning

Fjóla St. Kristinsdóttir formaður stjórnar Bergrisans bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aðalfund Bergrisans bs.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Fjóla St. Kristinsdóttur lagði til að Anton Kári Halldórsson stjórni fundi og ritari Bergrisans bs. Ása Valdís Árnadóttir riti fundargerð.

Tillaga samþykkt samhljóða.

3. Kosning í kjörbréfanefnd

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og lagði fundarstjóri til að í kjörnefnd verði Arna Ír Gunnarsdóttir, Árborg, formaður, Tómas Birgir Magnússon, Rangárþing Eystra og Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus.

Tillaga samþykkt samhljóða.

4. Stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á starfsemi Bergrisans bs.

HLH ráðgjöf hefur undanfarið ár unnið að stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á starfsemi Bergrisans bs. Nú er skýrslan um úttektina fullunnin og verður hún sem send til allra aðildarsveitarfélaganna í kjölfar aðalfundarins.

Haraldur Línal Haraldsson, ráðgjafi HLH ráðgjöf, fór yfir skýrsluna sem er um málefni fatlaðs fólks ásamt greiningu á rekstri og stjórnsýslu Bergrisans bs. Jafnframt fór hann yfir tillögur til umbóta í rekstri og stjórnsýslu Bergrisans bs.

5. Kynning á niðurstöðu gæðaúttektar á starfssvæði Bergrisans bs.

EAP ráðgjöf slf. hefur undanfarið ár unnið mat á innra eftirliti og gæðaúttekt á starfssvæði Bergrisans bs.

Ellý Þorsteinsdóttir kynnti niðurstöður gæðaúttektar á starfssvæði Bergrisans bs.

6. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Arna Ír Gunnarsdóttir kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Á fundinn eru mættir 34 aðalmenn og 9 varamenn af 53 fulltrúum og telst því fundurinn lögmætur.

7. Ráðning löggilts endurskoðanda

Stjórn lagði til að Ólafur Gestsson, PWC, verði endurráðin sem endurskoðandi Bergrisans bs.

Tillaga samþykkt samhljóða.

8. Fjárhagsáætlun 2023 kynnt og lögð fram til samþykktar

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri Árborgar gerir grein fyrir útkomuspá 2022 og fjárhagsáætlun Bergrisans bs. 2023.

Áætlaður rekstrarkostnaður 2.460.664.600.- kr. Áætlaðar greiðslur frá Jöfnunarsjóði 1.935.038.000.- kr. Áætlaðar greiðslur sveitarfélaganna til Bergrisans v/útsvars 333.552.000.- kr. Áætluð fjárpörf í málaflokknum er 192.074.600.- kr.

Fjárhagsáætlun 2023 er samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:45